

2. yrði af berjum á Upphéraði. Af því að mjög lítið sólskin var í ágúst, var þroski þeirra mjög hægfara. En í hlýindakaflanum var góð framför í matjurtagörðum. Rigningin 25. ágúst var hin mesta, er komið hefir á einum sólarhring í ágúst, síðan mælingar hófust.

Jurtir þjuggu sig yfirleitt vel undir veturinn í fyrrihluta september, því að næturfrost komu ekki fyrr en á 16. degi mánaðarins. Var hitinn til jafnaðar 7,3 stig til 15. mánaðarins. Úrfellið var einnig með mesta móti í þessum mánuði (var 111 mm 1945) eins og undanfarna 3 sumarmánuði þessa árs. En meðalhitinn er með því lágsta á mælingatímabilinu. Blöð trjáa gulnuðu mjög ört, er leið að 20. sept.

Úrfelli í fylgd með norðanátt var með allra mesta móti af þeirri átt í allhvassa veðrinu 26. sept. og aðfaranótt 27. Til marks um, havið vaðrið var langtum verra norðan Lagarfljóts en austan þess, er, að snælinan var 140 m neðar norðan Fljóts en austan.

Októbermánuður var sólríkur. Það var hlýtt um miðjan daginn. Er V-SV veðrið gekk yfir aðfaranótt 24., var 2-3 vindstigum hvassara 15-20 km utar á Héraðinu. Mjög snarpur sviptivindur var hér í skóginumað kvöldi þess 25. Það kvöld bar á því, að lausa hluti tæki upp frá jörð.

Í nóvember var mild tíð. Þótt alheiðskirt væri á nóttunni 16.-22., var frostið þær nætur mjög vægt. Í lok þess mánaðar var komið 22 cm þykkt frost í græðireitnum, 18 cm í túnnum og 3 cm í skóginum.

Fyrstu 7 dagana í desember var framhald á góðu tíðinni frá nóvember. Þann 8. færðist vindur til NV. Var eftir það ríkjandi vetrarveðráttá í mánuðinum fram yfir jól. Það byrjaði að snjóa þann 16. og snjóaði á hverjum degi til 20. des. Þann 23. kl. 15³⁰ hvessti snögglega af A-NA og var óvenjumikil snjócoma aðfaranótt 24. og á aðfangadag. Síðustu dagana í mánuðinum skiptist á V átt og A átt. Aðfaranótt 31. var V-SV átt með hvassviðri síðari hluta nætur.

2. V ö x t u r o g þ r i f t r j á g r ó ð u r s.

a. Laufgun og lauffall.

Birkiskógurinn var ~~allan~~ allaufgaður 16. maí, eða fyrr en nokkru sinni síðan 1913, en 1. maí var birki orðið mikið útsprungið neðantil í skóginum og einstök tré neðanti í krónu. 25. apríl - á sumardaginn fyrsta - var birki farið að springa allmjög út neðantil í skóginum. Þann dag var lerki algrænt, en fulllaufgað 30. apríl. Þennan sama dag voru komnir um 10 cm sprotar á blátoppsrinna og þeir farnir að blómgast.

Hinn 18. sept. var um helmingur laufs fallinn af birkiskóginum og 27. sept. var allt lauf fallið.

b. Vöxtur.

Vöxtur var yfirleitt góður á greni, en í minna lagi á furu og mjög líftill á lerki (sjá d.).

c. Fræfall.

Fremur lítið fræ var á birki, en allmikið af könglum á ýmsum grenitegundum. Ekkert var þó þroskað af því, nema af sitkagreni í Lýsishólnum frá 1949. Það fræ spíraði um 50%. Geysileg blómgun var á elsta hvítgreninu frá 1940, en ekki þroskað fræ.

Á broddfuru var mikið af könglum að vanda og sveigfura er að byrja að setja köngla, en ekki hefi ég fundið nema tómt fræ í þeim.

Safnað var 17 kg af birkiufræi.

Sitkagrenikönglar í Lýsishól 2 pokar, 18 kg.

Rauðgrenikönglar í mörkinni XXX 3 kg.

Svartgrenikönglar 3 kg.

Blágrenikönglar í Efri-Mörk 0,5 kg.

Broddfurukönglar 1 poki, 12 kg.

Lindifurukönglar 1,5 kg.

3.

Tafla I. Hita-, úrkomu- og sólskinsmælingar á Hallormsstað 1974.

Mán- uður	Hitastig °C		Úrkoma mm		Sólskinsstundir	
	Meðal- tal	Vik frá meðal- lagi	Sam- tals	Vik frá meðal- lagi	Sam- tals	Vik frá meðal- lagi
Janúar	1,4	+2,6	196,5	+90,0	-	-
Febrúar	-0,6	+0,7	76,1	+ 7,2	28,2	- 4,5
Mars	4,2	+4,7	102,4	+58,8	91,8	+ 5,7
Apríl	6,8	+5,3	49,7	+ 8,8	174,8	+43,1
Mái	6,6	+1,2	37,1	+11,7	155,7	-23,0
Júní	9,5	+0,5	50,1	+20,6	175,9	- 6,1
Júlí	10,0	-0,7	38,8	- 1,9	164,5	-10,5
Agúst	8,5	-1,3	91,9	+51,3	75,9	-54,1
September	5,5	-1,7	91,4	+40,0	48,8	-42,3
Október	3,0	-1,2	35,6	-28,0	84,2	+44,4
Nóvember	1,7	+0,9	62,0	-15,7	8,0	+ 2,6
Desember	-3,6	-2,7	76,2	-15,1	-	-
Árið	4,5	+0,8	907,8	+227,7	1.008,0	-54,3
Júní- Sept	8,4	-0,8	-	-	-	-

Tafla II. Hitastig undir frostmarki við jörð 10. maí - 20. sept. 1974.

Mánuður	Dagur	Í mælaskýli	Við jörð
Maí	10.	1,6	-1,6
"	22.	0,7	-2,1
"	24.	1,0	-1,5
"	26.	0,1	-2,3
"	27.	-2,6	-5,0
"	28.	1,3	-0,4
"	29.	-0,4	-4,5
"	30.	-1,2	-3,7
Júní	26.	1,3	-0,5
Júlí	14.	0,4	-1,9
Agúst	27.	-1,0	-2,5
September	11.	1,9	-0,5
"	12.	1,0	-0,5
"	16.	-1,7	-2,7
"	18.	-0,7	-3,7
"	19.	0,7	-1,0
"	20.	-3,3	-5,7

Hámarkshiti yfir 20 stig varð 5 sinnum á sumrinu: 22/6 22,3, 23/6 27,2, 18/7 21,7, 19/7 20,0, 24/7 21,6 stig.

Mest frost á árinu varð 23. des. 20,6 stig.

d. Skaðar.

Í næturfrostinu 27. maí urðu verulegir skaðar á trjágróðri, einkum undir 1,5 m hæð. Í gróðrarstöðinni skemmdust sum lerkikvæmi mikið og kom því miklu minna lerki til dærfsetningar en ella hefði orðið. Kvæmið MoDo stóð sig langbest og sá varla á því, en Altailerki nr.

4.

736 skemmdist mjög mikið. Lerkiskógur beið af þessu mikinn vaxtarhnekki, því að þótt toppbrum eyðilegðust yfirleitt ekki, stöðvaðist vöxtur lengi og hinn kaldí og raki ágústmánuður olli því, að sprotar urðu mjög stuttir.

Blágreini í græðireitnum skemmdist mjög mikið og fjallapínur, en 1-1,5 m há tré af sitkagreni og rauðgreni úti í skógi misttu nálarnar í allmiklum mæli. Nálaskemmdir á stærra lerki í skóginum urðu ekki nærri eins miklar og 1964, en plantanir í Mjóanesi og á Hafursá urðu víða brúnar. Þær náðu sér þó, er líða tók á sumarið.

Athyglisvert var, að vart sá á Alaskaöspinni.

Birkimaðkur var mun meiri en um langt skeið. Dró hann verulega úr vexti birkis í græðireitnum.

Ennfremur var ryðsveppur með meira móti á birki í reitnum.

Hreindýrahópur (um 20 dýr) hélt sig í nokkrar vikur í Mjóanesgirðingunni og olli allmiklum skemmdum á lerki. Hefi ég lagt það mál munnlega fyrir Birgi Thorlacius ráðuneytisstjóra og hefir hann lofað að láta fella slíka hópa, ef okkur þykja skemmdir keyra úr hófi.

NV hvassviðri með rigningu hinn 30. júlí lamdi lauftré allmikið.

3. S t a r f s f ó l k.

Vinnustundir og kaupgreiðslur á árinu voru sem hér segir:

Vinnustundir í tímavinnu alls 22.048 ... kr. 5.817.230,-
Ákvæðisvinna " 409.586,-

Dagpeningar " 479.580,-

Alls kr. 6.706.396,-

=====

Vinnusala liggur ekki fyrir, er þessi skýrsla er skrifuð, þar eð eftir er að sundurliða alla vinnu ársins. Vinnusundurliðun verður send á sérstökum blöðum síðar til þess að heftast við skýrsluna.

Hér er innifalin vinna við framkvæmdir í Fljótsdal, kr. 267.867,-. Laun fólks, sem búsett er í Vallahreppi, námu kr. 4.327.949,- - auk dagpeninga. Eru það 70% af öllum kaupgreiðslum.

Í ofangreindum tölum eru ekki teknar með kaupgreiðslur til iðnaðarmanna, sem unnu að viðgerð Hallormsstaðabæjarins, en þær námu alls kr. 1.517.000,-.

Flest varð fólk í júní 26 manns.

Sú breyting varð nú, að Páll Guttormsson hætti verkstjórn í gróðrarstöðinni eftir 35 ára starf þar. Hvarf hann nú að léttari störfum. Hann sá eftir sem áður um reglubundnar veðurathuganir, en vann auk þess nokkuð við skógarhöggið á útmánuðum, en síðar í skóginum að kjarrhreinsun fram á vetur og komst yfir veruleg svæði.

Eg tók sjálfur við verkstjórn í gróðrarstöðinni, en Bragi Jónsson og Orri Brandsson voru mér þar til trausts og halds. Hóf Bragi störf í reitnum upp úr miðjum mars við klippingu á græðlingaefni og limerðum og var að heita má alveg þar fram í miðjan nóvember.

Jón Loftsson skógfræðingur kom hingað alkominn í byrjun júní og hóf hér störf. Hann fékk inni í kennarabústað Húsmæðraskólans, en hafði hvergi aðstöðu til þess að vinna skrifstofustörf. Fjölskylda hans kom skömmu á eftir honum.

Jón sá fyrst um gróðursetningu, en síðar um útdrátt á viði og úrvinnslu hans. Síðari hluta sumars undirbjó hann sig undir væntanlega gróðurkortagerð. Naut hann við það mikilsverðra leiðbeininga Ágústs H. Bjarnasonar garsafræðings, sem dvaldi hér vikutíma um miðjan ágúst. Haustmánuðina og til jóla vann Jón eingöngu við viðgerð Hallormsstaðabæjarins, bæði útveganir og annað.

Ingibjörg Sigurðardóttir var ráðskona í 16. sinn. Hófst nú mötu-neyti 22. apríl og var í gangi til 20. des. Var úthaldið svona langt

5.

vegna viðgerðarinnar á Hallormsstaðabænum. Við vorum svo heppnir að geta strax í september tekið inn í mötuneytið iðnaðarmenn frá Skeljungi hf., sem hér voru að reisa hús. Létti það verulega á kostnaði okkar.

Þóráinn Benedikz vann hér við tilraunir vikutíma frá 22. apríl.

Tveir danskir piltar unnu hér í nokkrar vikur í sumar, Askil og Sune Frölund.

Fyrstu aðkomustúlkurnar komu til vinnu í gróðrarstöðina 14. maí og þær síðustu fóru 19. sept.

4. G i r ð i n g a r .

Viðhald girðinga hér heima var óvenjulítið, en svipað og árið áður í Jórvík.

Framkvæmdir við nýjar girðingar voru engar.

5. S k ó g a r h ö g g .

Á árinu féllu 85 tonn af birki og 15 tonn af lerki, alls 100 tonn. Ástæðan til þess, að það var ekki meira, var tvíþætt:

1. Mest af högginu fór fram í fremur ungum skógi.

2. Hætta varð högginu miklu fyrr en venjulega, þar eð gróðrarstöðin kallaði á alla ~~krafta~~ krafta fyrr en nokkru sinni vegna hins góða ~~á~~ tíðarfars og líka hins, að frost fór svo snemma úr jörðu.

Skógarhöggið hófs 28. jan. og lauk 19. apríl. En á þeim tíma varð hlé á þriðju viku við timburflettingu.

Nú voru ekki nema 4 menn í högginu, þegar flest var, og lengst af ekki nema 3. En auk þess var Páll Guttormsson nokkuð við afkvistun.

Útkeyrsla á viði hófst ekki að ráði fyrr en 15. júlí og kurlun í byrjun ágúst. Klofning á arinviði og pokun hófst seint í ágúst og tókst ekki að ljúka fyrr en í nóvember vegna alls konar frátafa við ýmis brýn verk, sem ekki þoldu bið.

Þessi svæði voru grisjuð:

1. Ljósárkinnin hálf.

2. Allt plöntunarsvæðið ofan við Mörkina upp undir gömlu réttina og inn að Krókum.

3. Skermur ofan af gróðursetningum ofan þjóðveggar innan við Króklæk.

4. Talsvert víðs vegar í Mörkinni.

5. Grisjaðir voru í annað sinn lerkiteigar frá 1951, 1952 og 1953.

6. Rjóðurfelld voru allstór svæði í Mörkinni fyrir

a. nýjum græðireitum,

b. plasthúsum,

c. skemmugrunni með tilheyrandi athafnasvæði,

d. vegum.

Lítið nýttist af viði, þar sem rutt var fyrir nýju reitunum. Var það mest smáki, sem varð að brenna.

Dálítið er enn ókurlað af þeim viði, sem seinast var felldur í Mörkinni.

Jólatré.

Felld voru 909 jólatré og 152 kg af greinum. Byrjað var að fella trén 25. nóv. og lauk afgreiðslu að mestu 20. des. Ágætlega gekk að fella trén að þessu sinni og vel gekk afgreiðsla fram að 18. des. Þá var eftir að afgreiða á nokkra næstu staði, en að mestu leyti tókst að koma trjánum til kaupenda.

Jólatrén voru yfirleitt góð, enda borið á alla jólatrésreiti 1973. Ekki leyfði þó af, að nægilegt magn væri í stærðarflokkana 1,25 - 1,75 m.

7.

Sala.

Nettó-sala (æöluskattur og fragt ekki innifalið) var sem hér segir:

1. Eldiviður og staurar kr. 592.212,-
2. Jólatrið og greinar " 621.062,-

6. G r ó ð r a r s t ö ð.

a. Fræplöntur.

Um sáningu vísast til gróðrarstöðvartaflnanna.

Skv. plöntubirgðaskýrslum eru 1/0 plöntur nú aðeins 247.000. Lerkið kom illa upp, en aðrar tegundir vel.

Í einu beði, sem hulið var með plasti, kom ekkert upp af lerki. Er hætt við, að fræið hafi eyðilagst í ofsahitanum 23. júní, en það var þá ekki komið upp. Ekki skal þó neitt fullyrt um þetta.

2/0 plöntur eru mjög fallegar og góðar til dreifsetningar. Allmikið sá álerkinu eftir frostnóttina 27. maí, einkum Krasnojarsk og Úral kvæmunum. Nokkuð sá á Altai kvæminu, þótt það væri byrgt með striga, en það náði sér vel, er frá leið.

Birkið í plasthúsinu var mjög fallett, en sáningin var þrisvar sinnum of þétt og þurfti að leggja mikið verk í að grisja það.

b. Dreifplöntur.

Dreifsetning varð mun minni en áætlað var. Skipti þar mestu, hve lerkið ódrýgðist við frostskeppdirnar í maí og svo hitt, að miklu minna var hægt að dreifsetja af birki en ætlunin var, því að það laufgaðist svo snemma.

Furan var ekki dreifsett fyrr en vexti hennar var lokið, að okkar dómi, en líklega höfum við tekið hana heldur snemma. Allavega drapst mikið af henni eftir dreifsetningu.

Ekki var hægt að komast í gang með dreifsetningu fyrr en alltof seint vegna plássleysis. Það þurfti að rýma reitina fyrst. Árið 1975 verður miklu betra pláss.

Megnið af birkinu, sem í vor var 1/0 og 2/0 varð að láta standa til hausts.

c. Garðplöntur.

Sala garðplantna varð nú sú langmesta í sögu stöðvarinnar. Hófst hún í lok apríl og lauk í lok maí að mestu. Þennan mánaðartíma vorum við mjög fáliðaðir og var vinnuálagi á okkur geysilegt, meðan á stóð. Hin frábæra vortíð átti vafalaust mikinn þátt í eftirspurninni, en fyrst og fremst aukinn almennur áhugi.

Dreifsettar voru nú fleiri garðplöntur en nokkru sinni og fleiri tegundir. Í fyrst sinn voru nú runnar dreifsettir í potta, alls rúmlega 3 þús. plöntur, en samtals voru settar niður rúmar 40 þús. garðplöntur (sbr. töflur) með græðlingum. Tókst það allt vel, nema birkið, sem var orðið alltof laufgað.

Vorgræðlingum var nú í fyrsta sinn stungið gegnum svart plast. Árangur af því var frábær, vanhöld nær engin, vöxtur þrisvar sinnum meiri en í opnu beði og illgresishreinsun engin. Hugsum við þekkur að nota svart plast í mjög auknum mæli við plöntuuppeldi á næsta sumri, bæði við garðplöntur og skógarplöntur.

Næsta vor mun pottun ~~æk~~ aukast mjög, en til þess vantar miklu fleiri og stærri gróðurhús. Við áformum að búa okkur ~~æ~~ út a.m.k. 2 lítil 10 m löng hús í vetur.

Brúttó-sala garðplantna náði nú tæplega 2 millj. kr., en nettó-salan nam kr. 1.611.403,-.

Dálitð var sett í framhaldsræktun á Ormsstöðum af ósöluhæfu sitkagreni (sem verða ágætar plöntur eftir 4-5 ár), en mikið magn af sitkagreni og fjallapín í unnið land innst á Hallormsstöðatúninu.

8.

d. Afhending skógarplantna.

Afhending varð allmiklu minni en reiknað var með. Munaði mestu, að Skógræktarfélag Eyifrðinga tók ekki sínar lerkiplöntur og við brunnum inni með 1/0 og 2/0 birkið og allt blágrenið, sem átti að fara út, skemmdist svo mikið, að ógerningur var að afgreiða það.

d. Ýmislegt varðandi gróðrarstöðina.

Miklu magni af 1. flokks svarðarmold var nú ekið í ýmsa reitina, einkum undir fræbeð og garðplöntur. Var þessi góða mó mold látin koma í stað húsdýráburðar. Við eigum nú kost á miklu magni af hreinum sverði á aðgengilegum stað hér í nágrenninu og hyggjumst við nota hann í stað húsdýráburðar í reitina.

Illgresiseyðing varð ákaflega erfið í rigningunni í ágúst. Við notuðum ekkert simazin, en aftur á móti talsvert af White Spirit með góðum árangri. Veðráttan tafði þó mjög fyrir notkun þessa efnis, sem okkur skilst, að ekki sé skaðlegt.

Hinn 26. október um nóttina tók plastgróðurhúsið upp í hvirfilvindi og kom það niður um 10 m frá sínum rétta stað. Nokkrir bogar brotnuðu og plastdúrurinn eyðilagðist á öðrum helmingnum. Á hinum helmingnum er allt óskemmt. Þetta hefir aldrei komið fyrir áður.

Í október var öll fura, sem afgreiðast á vorið 1975, tekin upp og sett í plastpoka, ennfremur allt 2/0 og 3/0 birki. Hinn 26. okt. ókum við Bragi Jónsson með þessar plöntur suður í Tumastaði, þar sem plöntur þessar voru teknar í geymslu á frystinum. Lét Indriði flokka það af birkinu, sem okkur hafði ekki unnist tími til. Fékk hann þar. m.a. 29.000 smáar birkiplöntur, sem hann taldi mjög góðar til þess að dreifsetja í móband, en voru of smáar í venjulega dreifsetningu. Enginn vafi er á, að við þetta opnast okkur möguleiki á að nýta kannski megnið af því birki, sem hingað til hefir verið fleygt vegna smæðar.

Birgðir af öllum árgöngum skógarplantna í stöðinni eru nú 910 þúsund.

e. Nýrækt.

Eins og getið var í kaflanum um skógarhögg, var rjóðurfellt fyrir nýjum reitum í Mörkinni. Þeir eru utan við efsta græðireitinn, sem var, þar sem einu sinni var hestagirðingin. Eru þetta tveir reitir með birkibelti á milli. Hvor um sig er 140 x 22 m, samtals um 6.000 m².

Lokið var að fullu við annan þennan reit undir plægingu, nema hvað eftir er að aka í hann sandi. Tekin voru 8 lokræsi í hann, sem fyllt voru með Fljótsmöl.

Hinn reiturinn var ræstur fram með finnskum KX lokræsaplóg, sem barst okkur óvænt upp í hendur. Eru um 4 m milli ræsa þeirra. Þarna er eftir að tína smáræturnar burt.

4f
Ínframt þessu var fyllt upp í opinn skurð, sem er fyrir ofan þessa reiti og gert úr honum lokræsi. Þar var gert slétt plan, þar sem koma má fyrir þremur 20 m löngum plasthúsum, sem eru í góðum tengslum við hina nýju reiti, sem eru raunar ætlaðir fyrir garðplöntuuppeldið. Plasthúsin verða þarna rétt neðan við væntanlega skemmu. Er þar með hægt að leiða í þau rafmagn. Og á þessu svæði mun svo verða miðstöð plöntuafgreiðslunnar, sem nota má skemmuna til m.a.

Settar voru 2 brýr á opna skurðinn, sem skilur þessa nýju reiti frá hinum gömlu og vegur tekin í gegnum skóginn til þess að tengja þá alla saman líka að neðan.

Með þessum framkvæmdum er fyrirhugað, að mestallir reitirnir liggi við efsta veginn í Mörkinni, en tveir elstu og neðstu þeirra verði lagðir niður sem uppeldisreitir, en í staðinn gerðir að arbor-etum.

Einn stærsti kosturinn við þessar breytingar er sá, að skammt er í alla reitina frá starfsfólksbústaðnum og þeim er þjappað miklu

1. Sáning

Tegund	Kvæmi	Nr.	Spir.	Kg.	M ²	Skýringar
Birki	Hallormsst. NÖrk	813	39	2,10	81	A.m.k. þávar sinnu af þétt
Birki	Hallormsst.	809	58	0,20	21	Sama og 813.
Herskt birki	Strömsbotn	882	28	0,62	15	
SB	Sedur-Alberta	824	71	0,31	36	
SB	Highwood Summit	825	61	0,45	39	
HG	Seward	819	51	0,25	10,5	
HG	Kensel	857	51	0,30	15	
RG	Ringsaker	761	92	0,22	24	
SG	Cordeva	817	39	1,35	51	
SB	Seward	887	41	0,65	24	
SVG	Badger	895	50	0,07	6	
HRP	Hallormsst.	881	93	0,25	9	
STP	Haines	821	56	0,45	19	
STP	Hoy (ex Hollie)	896	82	0,05	4	
STP	Bereas Pass	897	41	0,15	5	
RL	Ho och Don	874	22	2,00	30	
SL	Altai	875	25	3,85	154	34 m ² eyðiliggj- urt alveg.
Allt				13,27	945	

2. Dreifsetning og græðlingar. (Einnig drs.pl. til annara stöðva.)

Tegund	Kvæmi	Nr.	Aldur	Fjöldi	Skýringar
<u>Skógarplöntur</u>					
Birki	Hallormsst.	810	2/0	12.400	Þetta minna en ástlað:0f varis
BG	Suður-Alberta	824	2/0	7.600	
BG	Wind River	771	3/0	300	
BG	Hennes	805	2/0	5.300	
SB	Moose Pass	582	2/0	4.700	
SG	Homer	712	2/0	6.400	
SG	Cordova	797	2/0	3.100	
BP	Pýrenneafjöll	798	2/0	12.700	
BRF	Hallormsst.	829	2/0	1.000	
BRF	Park County	789	3/0	260	
BRF	Hallormsst.	-	3/0	60	
STF	Haines	821	2/0	5.200	
STF	Kamaloops	740	3/0	3.300	
SGF	Gilpin County	788	3/0	100	
FP	McKenzie Pass	828	2/0	1.560	
RD	Ht. Shasta	823	2/0	780	
RL	MoDo	822	2/0	21.100	
SL	Altai	736	2/0	35.000	
SL	Krasnojarsk	833	2/0	5.900	
Ímsar prafur	Mógild'			3.300	
Allis				130.060	

2. Dreifsetning og græðlingar. (Einnig drs.pl. til annara stöðva.)

Tegund	Kvæmi	Nr.	Aldur	Fjöldi	Skýringar
GARÐLÍMUR					
a. Í beði:					
Birki	Hallormst.	810	2/0	1.200	
Birki	Hallormst.	750	1/2	1.200	
Reynir	Hrafnkelest.		2/0-3/0	1.600	
SG	Homer	712	2/3	1.500	
SVG	Rocky Mtn. Ho.	721	2/4	800	
BF	Haut conflent	689	3/4	250	
BRF	Hallormst.	733	2/3	600	
LF	-	685	3/3	500	
SGF	Gilpin County	716	2/3	250	
SL	Altai	723	2/2	600	
Rifs			0/2	150	
Blátoppur			0/2	240	
Birkikvistar			0/2	1.100	
Glanaspill			2/2	400	
Viðja			0/2	<u>440</u>	10.830
b. Í potta:					
Blátoppur			0/1	350	
Birkikvistar			0/1	1.540	
Dögglingskvistar			0/1	275	
Hunnamura			0/1	240	
Dýmirós			0/2	20	
Glitrós			0/1	50	
Glanaspill			0/1	<u>590</u>	3.065
Alle					13.895

2. Dreifsetning og græðlingar. (Einnig drs.pl. til annara stöðva.)

Tegund	Kvæmi	Nr.	Aldur	Fjöldi	Skýringar
Græðlingari					
a. Vörgreðlingar:					
Alaskaþep				1.300	
Alaskaviðir				250	
Brekkuviðir				3.700	
Gljáviðir				550	
Gulviðir				1.000	
Gráviðir				40	
Leðviðir				2.400	
Viðja				7.000	
Rífa				600	16.840
b. Sumargreðlingar:					
Blátoppur				960	
Rauðtoppur				240	
Runnamura				560	
Birkikvistur				4.130	
Dögglingekvistur				560	
Fjallarífa				560	
Glasnispill				1.190	
Villirósir	fasar			360	
Ínsar þrutar				480	9.040
Allt					25.880

3. Afhentar plöntur. **HALLORMESTAD**

1974

Tegund	(Klógarpöntur)g.	Aldur	Fjöldi	Skýringar
Birkil	Hallormest.	810	2/0	2.000
Birkil	Hallormest.	750	1/2	8.000
XXI RG	Park County	717	2/3	700
ERG	Sapinero	546	2/3	440
RG	Trysil	700	2/3	10.010
RG	Trysil	700	2/3	7.400
GG	Hesse Pass	582	2/3	4.740
GG	Hesse	712	2/3	10.020
GVG	Rocky Mtn. Ho.	781	2/4	2.690
IP	Vester Hesse	764	3/0	800
IP	Heat conflant	689	3/4	10
IP	-	685	3/3	1.100
ITP	Vedalleberg	658	2/3	4.815
ITP	Kanloops	740	3/0	800
IP	Alaska	730	2/3	7.620
IL	Arkangelak	735	2/2	14.075
IL	Altai	723	2/2	29.130
IL	Altai	736	2/2	9.600
IL	Inginjörvill	785	2/2	8.150
IL	HoDo	737	2/2	11.000

4. Garöplöntur - afhentar

Tegund		Aldur	Minnsta háð m	El XXY Fjöldi	Skýringar
Ísl. heiti	Latn. heiti				
Birki			150	43	dr skógi
Birki			100	69	
Birki			75	588	
Birki			50	519	
Birki			ling.	375	
Reynir			250	58	
Reynir			200	358	
Reynir			150	469	
Reynir			125	51	
Reynir			100	92	
Reynir			75	134	
Gráelri			100	5	
Alaskaþep			200	7	
Alaskaþep			100	439	
Alaskaþep			75	61	
Almur			100	16	
Brekkuvíðir				275	
Gulvíðir				95	
Loðvíðir				246	
Viðja				5.589	
Birkkvistur				5	
Dügglingekvistur				7	
Glanaspill				1.257	
Garðahyrnir				3	

5. Áætlað til afhendingar næsta vor ~~REKINGAR~~. (Skógarplöntur).

Tegund	Kvæmi	Nr.	Aldur	Fjöldi	Skýringar
Birki	Hallormsst.	809	1/0	3.000	úr plasthúsi
Birki	Hallormsst.	813	1/0	7.000	úr plasthúsi
Birki	Hallormsst.	810	2/0	6.800	á frysti Tumast.
Birki	Hallormsst.	810	3/0	700	á frysti Tumast.
BG	Park County	717	2/4	1.000	
BG	Park County	717	2/5	1.000	
BEG	Sapinero	346	2/5	2.700	
RG	Hallormsst.	-	2/3	1.100	aðskilið af ýms- um þyrpingum
RC	Trysil	699	2/3	16.000	
RG	Trysil	699	2/4	6.500	
SB	Moose Pass	582	2/3	3.500	
SG	Homer	712	2/3	7.500	
SG	Hallormsst.	743	2/3	2.000	
SVG	Rocky Mtn. Ho.	721	2/3/2	700	
BF	Haut conflent	755	2/3	2.720	á frysti Tumast.
LF	-	685	3/3	3.325	á frysti Tumast.
LF	Irkutsk	722	3/3	5.850	á frysti Tumast.
STF	Ansheim	670	2/2	6.690	á frysti Tumast.
STF	Smithers	878	^{3/2} 2/3	2.100	^{G.O.C.} á frysti Tumast.
SL	Hakaskoja	588	2/2	10.700	
SL	Lapinjörvi	725	2/2	6.000	
SL	Altai	736	2/3	14.000	
SL	Altai	736	1/4	7.000	
SL	Altai	736	2/4	17.000	
SL	Domsjörngret	762	2/2	16.500	
Alls				151.385	

6. Áætlað til dreifsetningar árið ..1975....

Tegund	Kvæmi	Nr.	Aldur	Fjöldi	Skýringar
a. Skógarplöntur:					
Birki	Hallormsst.	810	2/0-3/0	29.000	Tum. móband
Birki	Hallormsst.	809 813	1/0	25.000	plasthús
Birki	Hallormsst.	810	2/0	22.900	Tumast. frystir
Birki	Hallormsst.	810	3/0	1.850	Tumast. frystir
BG	Highwood Summit	825	2/0	30.000	
BG	Hallormsst.	742	2/3	14.500	kalskemmdar
BC	Park County	717	2/4	15.000	kalskemmdar
BC	Park County	717	2/5	8.000	kalskemmdar
HG	Moose Pass	561	2/0	10.000	
HG	Kenai	818	2/0	24.000	
RG	Hennes	805	2/0	12.000	
SG	Homer	858	2/0	40.000	
DF	Haut conflent	840	2/0	6.000	
EEF	Hallormsst.	852	2/0	3.000	
STF	Skagway	816	2/0	13.000	
STF	Jael	864	2/0	3.000	
FPL	Mt. Shasta	870	2/0	1.000	
RL	Ural	834	2/0	8.000	
RL	McDo	873	2/0	22.000	
SL	833 Krasnojarsk	833	2/0	2.000	kalskemmdar
SL	Altai	875	2/0	47.000	
Alls				337.250	

Plöntur á Hallormsstað og Hafursá 1974.

Tegund	Kvami	Aldur	Nr.	KAR	FAR	LNN	Tún	Hafursá	Alls
B R E	Sapnero	2/3	346	-	-	440	-	-	440
R G	Trysil	3/3	700	-	-	250	-	-	250
S B	Moose Pass	3/3	582	-	-	780	-	-	780
S G	Homer	2/3	712	-	-	-	4.560	-	4.560
S V G	-	2/4	721	-	-	-	1.540	-	1.540
B F	-	3/0	764	-	-	200	-	-	200
L F	-	3/3	685	-	-	1.000	-	-	1.000
S T F	Wedellsborg	2/3	688	2.525	900	240	-	-	3.665
S T F	Kamalooops	3/0	740	-	-	800	-	-	800
S L	Mo Do	2/2	737	-	800	-	-	-	800
S L	Altai	2/3	730	-	-	-	-	6.700	6.700
F P	Alaska	2/3	730	-	-	1.250	5.160	5.160	6.410
				2.525	1.700	4.960	11.260	6.700	27.145

9.

meira saman en áður var. Eiga þannig mörg spor að sparast á komandi árum.

Samhliða þessu hefir verið gerður nýr vegur af þjóðveginum niður í Mörkina. Kveur hann niður að þeim stað, sem plasthúsunum er fyrirhugaður.

Þessar framkvæmdir hafa kostað einhver hundruð þúsund kr., en krónurnar munu skila sér fyrr en varir í þeirri hagræðingu, sem að þessu er.

7. Gróðursetning.

Plöntun á Hallormsstað og Hafursá varð aðeins rúml. 27 þús. pl., þar af rúm 11 þús. í unnið land innst á Hallormsstaðatúnin. Er það jólatrés- og garðplöntureitur.

Plöntunin hófst 6. júní og lauk 12. júlí. Það gerði mögulegt að halda svo lengi áfram, hve mjög vöxtur lerkisins (sem var tekið seinast) stöðvaðist í maífrostunum.

Sjá annars gróðursetningartöfluna.

8. Hirðingplantna.

Kjarrhreinsun.

Eins og fyrr sagði, vann Páll Guttormsson að kjarrhreinsun allt sumarið. Hann komst yfir stórt svæði í Partinum, m.a. alla tilraunafletina þar, en einnig talsverðar spildur í Innskóginum.

Auk þess var farið yfir stóra grenireiti í Lýsishólnum, sem voru mjög illa farnir af lamstri birkiteinungs.

Áburðargjöf í skóginum var engin.

9. Byggingar.

a. Hallormsstaðabærinn.

Hinn 22. apríl hófst viðgerð á gamla Hallormsstaðabænum. Var hún gerð í samráði við þjóðminjavörð, sem látið hafði í ljós ósk um, að bærinn fengi að halda sér sem mest í útliti. Ennfremur hafði Safnastofnun Austurlands (en formaður hennar er Hjörleifur Guttormsson frá Hallormsstað) látið sömu óskir í ljós og var fulltrúi hennar með í ráðum.

Arkitektarnir Manfreð Vilhjálmsson og Þorvaldur S. Þorvaldsson teiknuðu breytingar á skipan skúrbyggingarinnar frá 1921 og gáfu að öðru leyti góð ráð.

Gunnar Össurarson trésmíðameistari úr Reykjavík tók að sér að sjá um viðgerðina og hafði með sér annan reykvískan smið, Gunnar Jóhannsson. Hinn fyrri Gunnar stýrði verkina af stað, en hinn síðari tók svo við eftir fyrstu lotuna, er nafni hans varð frá að hverfa.

Verkið var unnið í 4 lotum og stóð hin síðasta til jóla. Mesta verkið var einangrun hússins og frágangur að utan og viðgerð á burðargrind. Öllu ytra byrði var svipt utan af gamla húsinu, gert við grind og glugga eftir þörfum, en það var á pörtum mikið, sem gera þurfti, einangrað með steinullarmottum og byrði sett á aftur með sömu ummerkjum, nema hvað timburpil var sett á stafna, þar sem áður var bárujárn og asbest, til samræmis við NV-hliðina.

Gólf í skúrbyggingunni var svo lélegt, að þar var gert nýtt. Var grafið út úr þessum hluta og steipt gólf.

Niðurgangi í kjallara var breytt. Var hann ~~EX~~ tekinn af inni á ganginum, en dyr teknar á kjallara úti að framan.

Hæð seinhússins frá 1928 var breytt svo, að þar var gert eitt herbergi, sem notað verður sem stofa.

Aðalinngangur verður að NV svo sem áður var.

Baðherbergi er á sama stað og áður inn af eldhúsi, en gengið í það úr þvottaherbergi, þar sem áður var búr.

Pláss fæst fyrir lítið snyrtiherbergi undir stiga upp á loft í gamla húsinu.

11.

Raflögn og pípulögn þurfti að endurnýja alveg, svo og vatnsleiðslu, sem var tekin úr vatnsleiðslu barnaskólans og lögð innfyrir Fjósakamb, svo að hún getur notast nokkrum húsum á hinu skipulagða íbúðasvæði þar. Gamli miðstöðvarletillinn var nothæfur, a.m.k. í bili, og nokkrir miðstöðvarofnar. Hreinlætistæki þurfti að endurnýja.

Innréttingar voru smíðaðar hjá Brúnás á Egilsstöðum, Raftækni lagði raflagnir, Broddi Bjarnason pípulögn, Bragi Guðjónsson annaðist múrverk og flísalögn, en Jón Loftsson hefir sjálfur málað allt, sem málað hefir verið.

Þess verður að geta, að Jón hefir lagt sér til öll tæki í eldhús.

Allmikið er eftir til þess að ganga svo frá húsinu, að fullbúið sé. Það er smíði á gangi við aðalinngang, innrétting á snyrtiherbergi, lagfæring herbergjanna tveggja í útenda, frágangur á kyndiklefa og frágangur við hinar nýju dyr inn í ~~KX~~ kjallara. Ennfremur einangrun loftis í gamla kjallaranum og þaks í nýja húsinu frá 1928. Einangrun er til í þetta. Loks er eftir að mála mikið inni, sem Jón hyggst halda áfram við, og allt húsið utan, nema hvað timburhúsið og gluggar var grunnmálað í sumar.

b. Starfsmannahús.

Ný húsgögn voru keypt í borðstofu og íveruherbergi þau, sem Páll Guttormsson hefir búið í, en þangað hafa þeir flutt Baldur og Bragi Jónssynir. Þá voru húsgögn keypt í miðherbergið á loftinu, sem aldrei hefir verið notað öðruvísi en sem gangur. Er þar nú komin langþráð setustofa. Húsgögnin voru keypt frá Sóló-húsgögnum í Reykjavík. Það var ekki seinna vænna að gera þessar endurbætur.

Samhliða framkvæmdum við skemmugrunninn (sjá á eftir) var gerð ný heimreið að starfsmannahúsinu og bílastæði. Braggaræfillinn, sem þarna hefir staðið í nær 30 ár, var fluttur út fyrir nýju reitina gegnt væntanlegum plasthúsum. Lóðin kringum bústaðinn var lagfærð: Gangstígar og hlað malborið, en lóðin að öðru leyti tyrfð. Er nú aðkoman þarna eins og að mannabústað.

Við þessar framkvæmdir var hægt að vinna fram um miðjan nóvember.

c. Skemma.

Gengið var frá kaupum á stóru stálgrindahúsi frá Vélsmijunni Héðni. Kom talsvert af efni í það austur seint á sumrinu. Þau slæmu mistök urðu, að burðarstoðir voru pantaðar með aðeins 3 m vegg hæð í stað 4, svo sem vera átti og nauðsynlegt er. Héðinn gekkst þó inn á að skipta um stoðir, en þær eru ekki komnar.

Hús þetta verður 360 m² að flatarmáli og mun gerbreyta til hins betra allri vinnuástöðu hér. Verður þar viðgerðaverkstæði á þriðjungi gólfplatnar, en rými fyrir ýmiss konar úrvinnslu viðar og lager í hinum hluta. Hugsanlegt er að hafa þar plöntuafgreislu á vorin og pláss fyrir ýmsa vinnu við plöntur á haustin, a.m.k. í bili.

Skemmunnin var valinn staður beint út af starfsmannahúsinu í Mörkinni og rétt ofan við hina nýju græðireiti, sem áður var lýst. Réði miklu um staðarval að hafa "allt á sama stað", en einnig varð að fá gott pláss fyrir viðarlagar úti. Góð samtenging við gróðrarstöðina eru líka mjög mikilvæg, ekki síst vegna verkstæðis. Allstórt svæði var rutt í kring.

Því miður tókst ekki að koma framkvæmdum lengra en það að ~~KX~~ grafa fyrir grunni hússins. Jarðvegurinn var svo blautur í hinum miklu haustrigningum, að ógerningur var að koma uppmokstri burt. Var hann lagður í haug skammt frá grunninum og verður að keyra honum burt, því að þetta er alls óhæft efni til þess að nota í fyllingu undir mól og enn síður í græðireiti. Þarf helst að vera hægt að keyra því burt í vetur, meðan jörð er frosin.

Í tengslum við skemmubygginguna og hina nýju græðireiti var veginum niður í Mörk breytt. Var lokið við að malbera hann niður að skemmugrunni. Heimreiðin að starfsmannabústaðnum er tekin af þessum nýja vegi.

12.

10. F l e t t i s ö g.

Seint í febrúar og byrjun mars var lokið við að fletta öllu reka-timbri, sem við áttum og ennfremur nokkrum lerki- og skógarfurutrjám, sem fellá voru í Mörkinni.

Timbrinu var staflað í "Stöðinni", þar sem sögin er.

Allmikið af þessu timbri var notað í Hallormsstaðabæinn. Nam verðmæti þess kr. 132.746,-.

Megnið af því, sem eftir var, keypti Trésmiðja Kaupfélags Héraðsbúa í haust. Var söluverð þess kr. 357.305,-.

Alls var því borðviður afhentur frá flettisöginni fyrir kr. 490.051,-.

Lerkiviðinn keypti K.H.B. á sama einingarverði og Oregon Pine, eða ~~KFX~~ kr. 43/meterspumlinginn.

Til gamans má geta þess, að þegar er búið að vinna hluta af lerk-inu hjá Trésmiðju K.H.B. í panel, sem klæddir verða með veggir í fundaherbergi kaupfélagsins.

11. V é l a r o g v e r k f æ r i.

Almennt verkfæraviðhald var líkt og að undanfögnu. Báðir litlu tætararnir í gróðrarstöðinni komust loks í gang eftir tveggja ára hvíld, en nær ógerlegt er orðið að fá í þá varahluti.

Allmikil viðgerð fór fram á stóru dráttarvélinni, en hún er nú orðin mjög slitin eftir geysilega notkun. Ennfremur var nokkurt við-hald á bifreiðinni.

Í haust fengum við nýja bifreið, FORD F250 Custom. Er hún með drifi á öllum hjólum og ber 1.200 kg. Þetta er hinn besti farkostur, að vísu nokkuð bensínfrekur. Eyðir 23 l á 100 km á langkeyrslu. En þetta er mjög kraftmikil bifreið og reyndist frábærlega dugleg í snjó í ófærðinni fyrir jólin.

Í haust fengum við nýja kurlisög með sambyggðum kljúfara. Hún er driftengd við dráttarvél. Þetta er gott verkfæri, sem okkur sýnist af stuttri reynslu, að geti orðið til verulegrar hagræðingar við kurlun og klofningu á arinviði. En sumir hlutar hennar eru of veikbyggðir og þurfa styrkingu.

Um áramótin komu loks langþráð belti á dráttarvélina. Því miður passa þau ekki alveg við okkar vél, enda þótt Eikmaskin í Stafangri fengi að vita nákvæmlega, hver hún er. Ef nota á beltin við þessa vél, þarf að gera á þeim nokkrar breytingar. Æskilegast er hins vegar að kaupá nýja dráttarvél, sem beltin passa á. Er það FERGUSON 165 eða 175.

Við fengum eina nýja keðjusög af gerðinni STIHL. Er það mjög álitlegt verkfæri, ef dæma má eftir stuttri reynslu. Hins vegar reyn-ist minnsta gerðin af JoBu keðjusögnum illa.

12. F r a m k v æ m d i r í F l j ó t s d a l.

a. Girðingar.

Lokið var að mestu við girðinguna í Geitagerði, nema hvað hliðið er óuppsett. Ekkert var unnið meira við girðingar þar.

Ko tnaður við girðingar er ~~KFX~~ kr. 39.870,-, en sumt af honum féll á árinu 1973.

b. Plöntun.

Plantað var á sömu 5 bæjum og árið áður, alls 55.075 plöntum af lerki.

Kostnaður við plöntun varð:

- a. Vinna kr. 267.867,-.
- b. Bifreiðarleiga " 42.000,-
- c. Plöntur " 660.900,-

970.767.-

13.

13. Ý m i s l e g t.

a. Gestir skógræktarinnar.

23. apríl. Sænskir blaðamenn frá skógræktartímaritum í fylgd Hákonar Bjarnasonar og Snorra Sigurðssonar.
6. júlí. Hópur 35 skagfirskra húsmæðra í orlofsferð.
7. " Eyvind Width, danskur skógfræðingur og fjölskylda hans.
16. " Skúli Skúlason ritstjóri frá Nesbyen í Noregi og dóttir hans.
17. " Böðvar Guðmundsson skáld og Kristín Ólafsdóttir kona hans til undirbúnings útvarpsþætti um skógræktina hér.
18. " Orla Petersen bæjarfulltrúi frá Eskilstuna í Svíþjóð og Birgir Stefánsson blaðamaður úr Neskaupstað.
18. " Helgi Austmann landbúnaðarráðherra Manitoba í Kanada og kona hans ásamt Páli Sigbjarnarsyni héraðsráðunaut.
23. " Þór Magnússon þjóðminjavörður og kona hans.
23.-26. " Próf. Gustav Sirén frá Stokkhólmi og Þórarinn Benedikz.
29. " Kåre Tuhus bóndi frá Vestmarka í Noregi að safna efni fyrir blaðið Glåmdalen í Kongsvinger.
30.-31. " Hákon Mathiesen, Vilhelm Matheson og Toralf Austin úr stjórn Norska skógræktarfélagssins ásamt Hákonni Bjarnasyni og Jónasi Jónssyni og konum þeirra. Ennfremur skógarvarðahjónin á Vöglum.
13. ágúst. Sigurður Björgvinsson bóndi á Neistastöðum í Flóa og Jón Gunnarsson garðyrkjumaður í Vestmannaeyjum og konur þeirra.
14. " Menntamálanefnd norska Stórþingsins.
23. sept. Hr. Björnslev frá Bayer í Danmörku.
19. okt. Ingvi Þorsteinsson magister.
21.-23. " Hákon Bjarnason skógræktarstjóri.

b. Ferðalög og fundahöld.

28. febr. - 6. mars. Starfsmannafundur S.r. og formannafundur Skf. Íslands.
2.-4. maí. Ferð í Skaftafell að beiðni Náttúruverndarráðs til þess að skipuleggja trjárækt við ferðamannamiðstöðina þar.
9. maí. Sat aðalfund Skógræktarfélagss Egilsstaðahrepps.
17. og 25. maí. Plöntusala í Neskaupstað.
24. maí. Leiðbeindi við plöntun á Eiðum.
18.-26. ág. Ferð til Noregs á 25 ára kandiðatsafmæli á NLH. Hitti fjölda skógræktarmanna og fór til Elverum að skoða skógminjasafnið þar.
29. ág. - 1. sept. Aðalfundur Skf. Íslands á Núpi í Dýrafirði.
30. sept. - 5. okt. Skoðunarferð um Suðurland og fundur starfsmanna S.r.
26.-29. okt. Ferð ~~KX~~ í Tumastaði með plöntur. Skoðaði skóga í Stafafellsfjöllum og Hofsdal í Álftafirði.
3. nóv. Skoðaði skógana í Viðborðsdal í Nesjum og Staðarfjalli í Suðursveit ásamt Einari Hálfánarsyni og Þorsteini Guðmundssyni.
25. nóv. Fundur í gróðrarstöðvanefnd S.r. í Reykjavík.

Hallormsstað, 15. febrúar 1975.

Sig. Bláa